

**Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn í skólanum 4. nóvember 2019 kl. 15.00**

Mættir: Ingrún Vala Hlynsdóttir fulltrúi foreldra, Þuríður Sigurrós Sigurðardóttir fulltrúi foreldra, Sigríður Guðnadóttir fulltrúi kennara, Karen Hrund Heimisdóttir fulltrúi kennara, Katrín Guðnadóttir fulltrúi starfsmanna skólans, Ingunn Guðnadóttir 9. bekk, Emilía Hugrún Lárusdóttir 10. bekk, Birgitta Björt Rúnarsdóttir varamaður nemendaráðs, Ernest Brulinski 9. bekk, Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri og Jónína Magnúsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Skólastjóri setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fyrsta skólaráðsfundar skólaársins. Gengið til dagskrár.

1. Fundarskipulag skólarás fyrir skólaársins 2019-2020

Ákveðið að funda fjórum sinnum á skólaárinu, þ.e. tvisvar fyrir áramót og tvisvar eftir áramót ásamt opnum fundi skólaráðs undir vor til viðbótar.

Tillaga að fundartímum:

- Mánudagur 16. desember kl. 15
 - Mánudagur 3. febrúar kl. 15
 - Mánudagur 30. mars kl. 15
- Opinn fundur skólaráðs kl. 8:10 föstudaginn 17. apríl

2. Starfsáætlun

Skólastjóri kynnti starfsáætlun skólans fyrir skólaárið 2019-2020 sem er birt á heimasíðu skólans. Allar helstu upplýsingar um skólastarfið er að finna í starfsáætluninni. Starfsáætlunin hefur verið send til allra foreldra með tölvupósti og hún hefur verið samþykkt á starfsmannafundi. Slóðin á starfsáætlunina er að finna á <https://www.olfus.is/static/files/Grunnskoli/Skolanamskra/starfsa-aetlun-gi-th-2019-2020.pdf>

3. Nemendaping

Fyrirhugað er nemendaping á Degi mannréttinda barna 20. nóvember nk.

Nemendur í 6. -10. bekk munu fjalla um ýmis réttindamál nemenda í skólastarfi.

Unnið verður í hópum. Nemendur í nemendaráði verða hópstjórar.

Verið er að undirbúa þingið en markmið þess er að:

- Veita nemendum tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri samræðu um málefni sem hefur merkingu fyrir daglegt líf þeirra og skipulag skólastarfsins
- Efla vitund nemenda um eigin áhrif í skólastarfinu
- Fá fram sjónarhorn nemenda í ýmsum málaflokkum
- Fá fram tillögur frá nemendum um hvað hægt er að gera til að hafa jákvæð áhrif á daglegt starf í skólanum og víðar

4. Önnur mál

- i) Skólastjóri benti á handbók fyrir skólaráð sem er að finna á slóðinni:
<http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2017/06/Handb%C3%B3k-um-sk%C3%B3lar%C3%A1%C3%B0.pdf> Í henni eru upplýsingar um allt sem snýr að störfum ráðsins.
- ii) Ingrún foreldrafulltrúi hættir í skólaráði um næstu áramót vegna flutninga. Skólastjóri þakkaði Ingrúnu vel unnin störf sl. tvö ár og óskaði henni velfarnaðar á nýjum slóðum.
- iii) Skólastjóri sagði frá hugmynd um að kenna pólskum nemendum pólsku en hugmyndin fór fyrir síðasta fræðslunefndarfund.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15.55

Jónína Magnúsdóttir, fundarritari